

# Álitsgerð

**Til: Siðmenntar - Félags siðrænna húmanista á Íslandi**

**Frá: Oddnýju Mjöll Arnardóttur, hdl., Ph.D.**

**Dags.: 9. júní 2005**

## 1. Inngangur

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hefur farið þess á leit við undirritaða að hún láti í té álit sitt á lagalegri stöðu félagsins eftir synjun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á umsókn þess um skráningu sem trúfélag samkvæmt lögum nr. 108/1999 um skráð trúfélög. Var ákvörðun ráðuneytisins tilkynnt félaginu með bréfi dagsettu þann 29. mars 2005.

Í eftirfarandi álitsgerð verður fjallað um þær réttarheimildir sem varða álitaefnið og sett fram það sem undirrituð telur líklega túlkun þeirra ef á reyndi í dómsmáli um synjun á skráningu Siðmenntar sem trúfélags. Álitaefnið reynir á túlkun lagaákvæða sem í mörgu tilliti eru flókin og ekki skýr að efnisinntaki. Þrátt fyrir hefðbundnar rannsóknir á dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu hefur undirrituð ekki getað fundið skýr fordæmi um álitaefnið. Mál Siðmenntar liggur að þessu leyti nokkuð á mörkum réttarþróunarinnar og væri þess vegna mjög áhugavert sem prófmál. Af framangreindum ástæðum er erfitt að setja fram afdráttarlausar niðurstöður um réttarstöðuna og óhjákvæmilegt að áréttu að í álitsgerðinni felst engin trygging fyrir því að sú túlkun sem sett er fram út frá réttarheimildum og fræðiviðhorfum sé sú hin sama og dómstóll eða annar úrlausnaraðili myndi beita ef á reyndi í framkvæmd.

## 2. Lög um skráð trúfélög nr. 108/1999 og ákvæði stjórnarskrárinnar nr. 33/1944

### 2.1. Trúfrelsi og jafnrétti í stjórnarskránni nr. 33/1944

Í 62. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, er því lýst yfir að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og að ríkisvaldið skuli að því leyti styðja hana og vernda. Í 63. gr. er síðan kveðið á um trúfrelsi með þeim hætti m.a. að allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú í samræmi við sannfæringu sína. Bann við mismunun er að finna í 1. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar þannig að enginn megi neins missa í borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna. Er loks sérstaklega kveðið á um það í 2. og 3. mgr. 64. gr. að öllum sé frjálst að standa utan trúfélaga, að enginn sé skyldugur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að og að sé maður utan trúfélaga greiði hann til Háskóla Íslands þau gjöld sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns.

Það hefur verið viðtekin skoðun íslenskra fræðimanna að með trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar sé trúfélögum veitt sértæk og ríkari vernd en öðrum félögum. Dæmi sem eldri höfundar tóku til merkis um það hverskonar félög falli ekki undir trúfrelsisákvæðið voru félög sem berjast gegn trúarbrögðum og sálarrannsóknarfélög.<sup>1</sup> Enn í dag er vitnað til þessara sömu dæma til skýringar á gildissviði trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar.<sup>2</sup> Þessi afstaða var ítrekuð í athugasemdum með frumvarpi til breytinga á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sem gerðar voru með lögum nr. 97/1995, þegar fjallað var um réttinn til skoðana og sannfæringar skv. 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, og tekið fram að trúarskoðunum manna væri þó veitt sérstaklega rík vernd umfram aðrar skoðanir. Í eldri stjórnarskrám var vísað til þess að landsmenn ættu rétt á því að “þjóna guði” með þeim hætti sem best ætti við um sannfæringu hvers og eins. Var þessu orðalagi breytt með lögum nr. 97/1995 í þá átt að landsmenn ættu rétt á að stofna trúfélög og iðka trú í samræmi við sannfæringu sína. Var tekið fram í tengslum við þessar breytingar að þær væru fyrst og fremst orðalagsbreytingar og að ekki væri ætlast til efnislegrar breytingar á viðteknum skýringum þeirra. Þó var þess getið að stefnt væri að því að: “...eyða þeim blæ í ákvæðunum að trúfrelsið, sem þau eiga að tryggja, sé eingöngu til að velja á milli þjóðkirkjunnar og annarra kristinna safnaða eða safnaða guðsdýrkenda.”<sup>3</sup>

Um inntak núgildandi 63. gr. stjórnarskrárinnar segir nú í Stjórnskipunarrétti Gunnars G. Schram: “Ákvæðið verndar aðeins félög sem stofnuð eru um tilteknar trúarskoðanir eða til að iðka trú. [...] Félög njóta einungis verndar 63. gr. að svo miklu leyti sem til trúariðkunar tekur. Þar undir fellur vafalaust venjuleg helgiðkun, prestahald og bygging trúariðkunarhúsa svo dæmi séu tekin. Hins vegar mundi venjulegt skólahald eða sjúkrahússrekstur ekki falla undir vernd ákvæðisins. Annars getur verið erfitt að draga hér markalínur en ekki er kunnugt um að á það hafi reynt í framkvæmd.”<sup>4</sup>

Í íslenskum stjórnskipunarrétti hefur um vernd annarra félaga en trúfélaga verið vísað til hinna almennu ákvæða stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, sbr. 74. gr. hennar. Um vernd annarra skoðana og/eða sannfæringar en trúarlegrar hefur verið vísað til ákvæðis 1. mgr. 73. gr. þess efnis að allir séu frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.<sup>5</sup> Ákvæði 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar um vernd skoðana og sannfæringar vísar samkvæmt skýringum í áður nefndu frumvarpi einungis til hins svonefnda innra skoðanafrelsis (*forum internum*)

<sup>1</sup> Sjá frumvarp til laga um skráð trúfélög, þskj. 69, 69. mál, 125. löggjafarþing 1999-2000 þar sem vísað er til Bjarni Benediktsson: Ágrip af íslenzkri stjórnlagafræði, Reykjavík, 1948, bls. 95-96 og Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, Reykjavík, 2. útg. 1978, bls. 422.

<sup>2</sup> Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, Reykjavík 1997, bls. 464.

<sup>3</sup> Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, þskj. 389, 297. mál, 118. löggjafarþing 1994.

<sup>4</sup> Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, Reykjavík 1997, bls. 464.

<sup>5</sup> Frumvarp til laga um skráð trúfélög, þskj. 69, 69. mál, 125. löggjafarþing 1999-2000 með tilvísunum til heimilda og frumvarp til stjórnarskipunarlaga, þskj. 389, 297. mál, 118. löggjafarþing 1994.

sem felur í sér að menn verði ekki þvingaðir til að aðhyllast ákveðna skoðun eða sannfæringu með sjálfum sér og að engar takmarkanir megi í lög leiða á þeim rétti, en að þegar komi til tjáningar þeirrar skoðunar taki hið eiginlega tjáningarfrelsi við um réttarverndina, sbr. 2. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.<sup>6</sup> Ekki er fjallað um það að rækja eða iðka aðra lífsskoðun eða sannfæringu en trúarlega í ákvæðum stjórnarskrárinnar, né í skýringum með henni. Ekki er að sjá að íslenskir fræðimenn hafi fjallað sérstaklega um álitafni tengd hinu síðastnefnda atriði. Vernd íslensku stjórnarskrárinnar, ef hún yrði túlkuð í samræmi við þessar viðteknu skoðanir og ummæli í greinargerð, væri því í raun lakari en sú vernd sem Mannréttindasáttmáli Evrópu og Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi veita, sbr. nánar hér á eftir.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um það að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Hugtakið mismunun vísar til afleiðinga brota gegn boðum 65. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst er að hugtakið mismunun samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar er afmarkað með vísan til þess að um sé að ræða ólíka meðferð sambærilegra mála, eða sömu meðferð mjög ólíkra mála, sem ekki verði réttlætt með hlutlægum og málefnalegum ástæðum.<sup>7</sup> Sá sem heldur fram mismunun þarf að sýna fram á að um mismunandi meðferð sambærilegra tilvika (eða sambærilega meðferð mjög ólíkra tilvika) sé að ræða, en þá hvílir það á gagnaðila að sýna fram á hlutlægar og málefnalegar ástæður. Dæmi eru um að þeim sem telur sér mismunandi hafi ekki tekist sú sönnun og að álitafnum hafi verið ráðið til lykta með þeim rökstuðningi að þeir hópar sem bornir eru saman séu ekki í sambærilegri stöðu, sbr. *H 2002 3686*.<sup>8</sup> Við mat á því hvort um hlutlægar og málefnalegar ástæður er að ræða sem réttlætt geti mismunandi meðferð, er litið til þess hvort sú meðferð sem kvartað er undan stefnir að lögmætu markmiði og hvort gætt er meðalhófs, sbr. t.d. *H 1998 4076* og *H 2000 1534*.<sup>9</sup> Nánar verður fjallað um meðalhófsregluna í kafla 3.1. hér á eftir.

Ekki hafa gengið íslenskir hæstaréttardómar þar sem reynir á stjórnarskrárvernd hugsana- samvisku- eða trúfrelsis eða réttarins til að rækja trú eða lífsskoðun.

<sup>6</sup> Frumvarp til laga um skráð trúfélög, þskj. 69, 69. mál, 125. löggjafarþing 1999-2000 með tilvísunum til heimilda og Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, þskj. 389, 297. mál, 118. löggjafarþing 1994.

<sup>7</sup> Sjá einnig Páll Hreinsson: "Litróf jafnræðisreglna", *Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum*, bls. 344-356.

<sup>8</sup> Í málinu tóku lög sem settu kjaradeilu sjómanna í gerðardóm ekki til Vélstjórafélags Íslands þar sem það félag stóð ekki að kjaradeilunni.

<sup>9</sup> Sjá nánar Björg Thorarensen: "Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða", *Lögberg*, bls. 84-89.

## 2.2. Lög um skráð trúfélög nr. 108/1999

Samkvæmt 1. og 3. gr. laga um skráð trúfélög nr. 108/1999 er gerður greinarmunur á trúfélögum og annars konar félögum um kenningar og lífsskoðanir, þ.m.t. trúleysi. Einungis trúfélög verða skráð samkvæmt lögnum, en samkvæmt 2. gr. þeirra fylgja skráningu þau réttindi og skyldur sem lög ákveða. Helstu réttindi sem fylgja skráningu trúfélags eru þau að samkvæmt I. kafla laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. njóta þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög hlutdeildar í tekjuskatti en hlutdeild sú í almennum tekjuskatti hefur verið nefnd sóknargjald og reiknast miðað við hvern einstakling sem tilheyrir viðkomandi söfnuði eða trúfélagi. Vegna einstaklinga sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né skáðu trúfélagi greiðist gjaldið til Háskóla Íslands og rennur í Háskólasjóð, sbr. einnig 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar. Einnig fylgja þau réttindi skráningu trúfélaga að prestar og forstöðumenn þeirra geta öðlast löggildingu dóms- og kirkjumálaráðuneytis til að annast kirkjulega hjónavígslu, sbr. 17. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Samkvæmt 18. gr. þeirra laga eru það einungis sýslumenn eða löglærðir fulltrúar þeirra sem geta annast borgaralega hjónavígslu.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 108/1999 um skráð trúfélög er söguleg þróun trúfrelsisákvæða íslensku stjórnarskrárinnar rakin og byggt á því að stjórnarskráin sjálf geri greinarmun á: "...trúfélögum og öðrum félögum sem ekki eru stofnuð sérstaklega með trúariðkun að inntaki eða markmiði."<sup>10</sup> Er sérstaklega vitnað til þeirrar viðteknu skoðunar að með trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar sé þeim félögum sem séu "eiginleg trúfélög" veitt sérgreind og ríkari vernd en öðrum félögum og talið að þau félög sem ekki hafi átrúnað á stefnuskrá, eða hafni átrúnaði eða trú, njóti ekki verndar 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar. Vitnað er til eldri laga um skráð trúfélög nr. 18/1975 og að markmiðið með þeim sé að stuðla að jafnræði "eiginlegra trúfélaga" og þjóðkirkjunnar varðandi heimildir forstöðumanna til að standa fyrir athöfnum sem hafi réttaráhrif að lögum og rétt til sóknargjalda og er talið að þau séu eðlilegt framhald og útfærsla á trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Með vísan til þessarar sjónarmiða er hugtakið trúfélag í skilningi laganna afmarkað þannig: "Skilyrðin sem byggt er á í 3. gr. fela í sér að um sé að ræða félög sem leggja stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem telja má að eigi sér sögulegar eða menningarlegar rætur. Áréttað er að þessi skilgreining rúmar ekki hvers kyns félög sem boða lífsskoðanir. Utan hennar falla m.a. félög sem boða trúleysi eða reisa lífssýn sína á öðrum þáttum en þeim sem skilgreiningin hér að framan er reist á." Með lögum nr. 108/1999 er þannig með yfirlýstum hætti og markvisst stefnt að því að tryggja trúfrelsi í þrengri merkingu og jafna stöðu "eiginlegra trúfélaga" og þjóðkirkjunnar. Það leiðir af sér með sama yfirlýsta og markvissa hætti að trúfélögum og öðrum lífsskoðanafélögum er veitt ójöfn staða.

<sup>10</sup> Frumvarp til laga um skráð trúfélög, þskj. 69, 69. mál, 125. löggjafarþing 1999-2000

### **3. Mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, Alþjóðasamningur og borgaraleg og stjórnómáaleg réttindi og aðrar þjóðréttarlegar heimildir**

#### **3.1. Jafnrétti og hugsana-, samvisku- og trúfrelsi í Mannréttindasáttmála Evrópu**

Í 1. mgr. 9. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE) er kveðið á um það að sérhver maður eigi rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í því felst nánar tiltekið samkvæmt ákvæðinu frelsi manna til þess að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi. Í 2. mgr. 9. gr. er kveðið á um það að þetta frelsi skuli einungis háð þeim takmörkunum sem lög kveða á um og nauðsynleg eru í lýðræðisþjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

Það álitamál sem rís hér er hvort af frelsinu til að rækja lífsskoðun sína eða sannfæringu í félagi við aðra með breytni og helgihaldi megi leiða kröfu félagsins Siðmenntar um skráningu með sama hætti og sömu lögfylgjum og trúfélög njóta skv. lögum nr. 108/1999. Því mætti í sjálfu sér halda fram að frelsi Siðmenntar og meðlima félagsins til að rækja sína lífsskoðun sé fyllilega tryggt í íslenskum rétti þar sem engar takmarkanir eru á réttinum til að stofna slíkt félag sem lögaðila. Sá réttur er í raun sérstaklega lögverndaður bæði í almennu félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar sem og í 1. gr. laga nr 108/1999. Krafa um skráningu Siðmenntar sem félags sem njóti sömu réttarstöðu og skráð trúfélög rís þannig ekki með beinum hætti af 9. gr. MSE, né heldur hinu almenna félagafrelsisákvæði hans í 11. gr, því það er í sjálfu sér ekkert í íslenskum lögum sem kemur í veg fyrir tilvist og starfsemi félagsins. Krafa um skráningu til jafns við “eiginleg trúfélög” myndi rísa af 9. gr. sáttmálans og 14. gr. hans um bann við mismunun teknum saman. Það byggir á þeim grundvelli að þótt réttarstaða eða athöfn verði ekki talin brjóta gegn viðkomandi efnisákvæði sáttmálans einu sér, megi hún ekki fela í sér mismunun, og verði því að standast 14. gr. og viðkomandi efnisákvæði lesin saman. Þótt hvorki trúfélög né önnur lífsskoðanafélög eigi sérstaka kröfu til skráningar eða tiltekinna lögfylgja hennar, má byggja á því að veiti ríki einum flokki slíkra félaga sérstaka réttarstöðu með lögum, og þar með hlutdeild í sóknargjöldum, geti önnur sambærileg félög krafist þeirrar sömu réttarstöðu á grundvelli 9. og 14. gr. sáttmálans lesinna saman. Einnig mætti halda því fram að synjun á skráningu sé takmörkun á frelsi til sannfæringar sem gangi lengra en 2. mgr. 9. gr. heimili.

Til þess að ofangreind túlkun MSE væri tæk þyrfti krafa um skráningu að falla innan “áhrifasviðs” 9. gr. MSE. Geri hún það rís skylda ríkisins til þess að tryggja að skráning og skilyrði hennar feli ekki í sér ólögmetna mismunun á milli trúarbragða og sannfæringar/lífsskoðana. Mannréttindasáttmálinn verndar að meginstefnu til réttindi einstaklinga en ekki hópa. Þó hefur verið talið og er viðurkennt af Mannréttindadómstólnum að í orðalagi 9. gr., sem vísar til þess að rækja trú sína eða sannfæringu einn eða í samfélagi með öðrum, felist viðurkenning á því að félög eða

skoðanahópar geti notið verndar ákvæðisins og krafist réttinda samkvæmt því.<sup>11</sup> Það er því mat undirritaðrar að þetta atriði ætti ekki að standa í vegi fyrir því að leggja grunn að máli Siðmenntar á grundvelli 9. og 14. gr. Mannréttindasáttmálans.

Til þess að málið falli undir “áhrifasvið” 9. gr. í tengslum við 14. gr. MSE þurfa einnig önnur skilmerki verndarinnar samkvæmt 9. gr. að vera uppfyllt. Vernd 9. gr. er í raun þríþætt. Fyrsti málsliður 1. mgr. 9. gr. verndar hið svonefnda innra hugsana-, samvisku og trúfrelsi (*forum internum*) sem felur í sér að menn verði ekki þvingaðir til að aðhyllast ákveðna skoðun eða sannfæringu með sjálfum sér og að engar takmarkanir megi í lög leiða á þeim rétti. 9. gr. verndar einnig rétt manna til að breyta um trú eða sannfæringu. Eru þessi atriði sambærileg við verndarsvið 1. mgr. 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar um frelsi til skoðana og sannfæringar. Annar málsliður 1. mgr. 9. gr. MSE verndar hins vegar einnig það sem kalla má ytra trúfrelsi. Það er sá þáttur 9. gr. sem hér skiptir máli, og felst í réttinum til að *rækja trú sína eða sannfæringu* í samfélagi við aðra með boðun, breytni og helgihaldi. Það er þessi efnisþáttur 9. gr., í tengslum við bann við mismunun, sem á kynni að reyna í tengslum við skráningu og lagalega viðurkenningu Siðmenntar eins og “eiginlegra trúfélaga”. Ákvæðið vísar þarna til *trúar og sannfæringar* jafnt og það er almennt viðurkennt í dómaframkvæmd og fræðiviðhorfum að í því felist að trúarlegar skoðanir eigi ekki að njóta forréttinda miðað við aðra sannfæringu, að því gefnu að hún nái ákveðnum “sannfæringarstyrk, alvarleika, samhengi og mikilvægi.”<sup>12</sup> Hefur t.d. verið talið að friðarstefna og kommúnismi geti fallið undir slíka sannfæringu. Ljóst verður því að telja að siðrænn húanismi myndi standast það viðmið að vera vernduð sannfæring samkvæmt ákvæðinu. Þrátt fyrir þessa víðu túlkun á hugtakinu sannfæring, er það túlkað með mun þrengri hætti hvað felst í viðmiðinu um að *rækja* slíka sannfæringu með *guðspjónustu, boðun, breytni eða helgihaldi*. Ljóst er að verndin nær ekki til hverskonar breytni sem stjórnast af eða er undir áhrifum frá slíkri sannfæringu, heldur er talið að breytnin þurfi að fela í sér tjáningu sannfæringarinnar sjálfrar.<sup>13</sup> Veldur þessi þrönga túlkun því að þegar breytni á sér ekki samsvörun í þekktum aðferðum tjáningar á andlegri sannfæringu er ekki ljóst hvort verndar 9. gr. nýtur við. Þegar um er að ræða ræktun sannfæringar með guðspjónustu, boðun og helgihaldi kann aftur á móti að reynast auðveldara að sýna fram á að viðkomandi umkvörtunarefni eigi undir 9. gr.<sup>14</sup>

<sup>11</sup> *Cha'are Shalom Ve Tsedek* gegn *Frakklandi*, 27. júní 2000, Reports of Judgments and Decisions 2000-VII.

<sup>12</sup> *Campbell og Cosans* gegn *Bretlandi*, 25. febrúar 1982, Series A. 48, mgr. 36.

<sup>13</sup> Sjá skýrslu MNE í máli nr. 7050/75, 12. október 1978, *Arrowsmith* gegn *Bretlandi*. 19 Dec. & Rep. 5 (1980).

<sup>14</sup> Sjá Carolyn Evans: Freedom of Religion under the European Convention on Human Rights, Oxford, 2001, bls. 117-120. Sjá einnig Malcolm D. Evans: “Religious Liberty and Non-Discrimination, í Loenen, Titia og Rodrigues, Peter R. (ritstj.): Non-Discrimination Law: Comparative Perspectives, Haag, 1999, bls. 128.

Samkvæmt lögum Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, er félagið málsvari mannúðarstefnu og frjálsrar hugsunar, óháð trúarsetningum og stendur fyrir borgaralegum athöfnum. Með mannúðarstefnu í lögum félagsins er vísað til siðræns húmanisma sem er hugmyndakerfi sem nær ótvírætt skilmerkjum þess að teljast “sannfæring” í skilningi 9. gr. MSE. Þá er það tilgangur félagsins og stór hluti starfsemi þess að aðstoða við eða standa fyrir borgaralegum athöfnum við helstu tímamót á mannsævinni, s.s. fermingar, útfarir, nafngjöf og hjónavígslur. Verður einnig að telja að sú meginstarfsemi og tilgangur félagsins falli undir hugtakið að rækja sannfæringu með “breytni” og ekki síður með “helgihaldi”, en í enskum texta MSE er viðhaft orðalagið “observance” sem þýtt er sem “helgihald” í íslenski þýðingu MSE en tekur einnig til hefðbundina siða eða athafna án trúarlegra tilvísana. Er sú niðurstaða einnig í samræmi við almenna áherslu mannréttindaákvæða á að gera ekki greinarmun á lífsskoðunum eða sannfæringu eftir því hvort hún er trúarleg í hefðbundnum skilningi eða ekki.

Sú túlkun að mál Siðmenntar eigi undir verndarsvið 9. gr. MSE á sér einnig allskýra stoð í dómi Mannréttindadómstólsins í málinu *Metropolitan Church of Bessarabia* gegn *Moldovíu* þar sem talið var að synjun um skráningu viðkomandi trúfélags félli undir verndarsvið 9. gr. Í málinu fólst í synjuninni raunverulegt bann við því að rækja þá trú og gekk hún þannig töluvert lengra en mál Siðmenntar. Það var því metið með beinum hætti hvort um lögmeða takmörkun á grundvelli 2. mgr. 9. gr. MSE væri að ræða. Í því mati var vitnað til þess að leggja bæri áherslu á að hugsana-, samvisku- og trúfrelsi og fjölhyggja tengd því væru meðal undirstöðuatriða lýðræðislegs þjóðfélags. Hinn trúarlegi þáttur þess frelsis væri einn af grundvallarþáttum sjálfsmýndar og lífsskilnings trúaðra, en að það frelsi væri einnig dýrmætt trúleysingjum, efasemdarmönnum og þeim sem taka ekki afstöðu. Það væri því *skylda ríkja að vera hlutlaus í samskiptum og sambandi sínu við hin mismunandi trúarbrögð og lífsskoðanir eða sannfæringar*.<sup>15</sup> Mannréttindadómstóllinn hefur einnig nýlega ákveðið að taka til efnismeðferðar tvö mál gegn Austurríki þar sem prestar í skráðum trúfélögum voru undanþegnir bæði herþjónustu og samfélagsþjónustu, en prestar í söfnuði Votta Jehóva nutu einungis undanþágu frá herþjónustu en ekki samfélagsþjónustu á þeim grundvelli að söfnuður þeirra naut ekki lagalegrar stöðu skráðs trúfélags.<sup>16</sup> Beina þessar ákvarðanir dómstólsins einnig sjónum að ríkri þýðingu skráningar trúfélaga og lífsskoðanafélaga og því hvernig lagareglur um skráningu félaga geta haft í sér fólagna mismunun á milli mismunandi trúarbragða og lífsskoðana.

<sup>15</sup> *Metropolitan Church of Bessarabia o.fl. gegn Frakklandi*, 13. desember 2001, Reports of Judgments and Decisions, 2001-XII, mgr. 114-119.

<sup>16</sup> Ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu um meðferðarhæfi máls, frá 1. febrúar 2005 í málinu *Gütl* gegn Austurríki (mál nr. 49686/99) og Ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu um meðferðarhæfi máls, frá 1. febrúar 2005, í málinu *Löffelmann* gegn Austurríki (mál nr. 42967/98).

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða undirritaðrar að mál Siðmenntar falli undir 9. og 14. gr. MSE. Að því gefnu rís þá spurningin um það með hvaða hætti litið yrði á mál Siðmenntar á grundvelli 14. gr. MSE.

Viðmið þau sem Mannréttindadómstóllinn beitir við greiningu mála samkvæmt 14. gr. sáttmálans má skilgreina út frá málunum *Rasmussen gegn Danmörku* og *Thlimmenos gegn Grikklandi*. Af þeim má leiða inntak hugtaksins mismunun. Þessi viðmið fela í sér eftirfarandi þætti:<sup>17</sup>

1. Kannað er hvort fyrir liggja mismunandi meðferð sambærilegra tilvika eða sambærileg meðferð mjög ólíkra tilvika.
2. Metið er hvort meðferð tilvikanna verði réttlætt með hlutlægum og málefnalegum ástæðum. Við mat á því hvort hlutlægar og málefnalegar ástæður eru fyrir hendi er litið til þess hvort sú meðferð sem kvartað er undan stefni að lögmætu markmiði og hvort gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé gengið lengra en þörf krefur í því skyni að ná því markmiði sem stefnt er að.
3. Við mat á því hvort hlutlægar og málefnalegar ástæður eru fyrir hendi njóta ríki ákveðinna matsvika (svigrúms til mats, e. *margin of appreciation*) sem eru breytileg eftir aðstæðum máls.

Almennt er talið að það hvíli á þeim sem telur á sér brotið að sýna fram á mismunandi meðferð sambærilegra tilvika eða sambærilega meðferð mjög ólíkra tilvika og þá á hvaða grundvelli meðferðin byggist. Takist það er talið að viðkomandi ríki þurfi að sanna að meðferðin verði réttlætt með hlutlægum og málefnalegum ástæðum. Þegar reynir á beitingu 14. gr. sáttmálans hefur meðalhófsreglan verið orðuð þannig að vera skuli “eðlilegt hlutfallslegt samhengi á milli þeirra aðferða sem beitt er og þess markmiðs sem leitast er við að ná”.<sup>18</sup> Í því felst nánar tiltekið krafa um að ekki sé gengið lengra en þörf krefur í því skyni að ná hinu lögmæta markmiði. Einnig hefur verið vísað til þess í fræðilegri umfjöllun að við beitingu meðalhófsreglunnar samkvæmt 14. gr. séu hagsmunir einstaklinga eða einkaaðila í tengslum við þá meðferð þeir hljóta og almannahagsmunir í tengslum við það markmið sem stefnt er að vegnir saman í leit að sanngjörnu jafnvægi.<sup>19</sup> Ljóst er að meðalhófsmat samkvæmt 14. gr. felur ekki í sér skýrt útfært eða nákvæmt matstæki. Dómaframkvæmd og fræðileg umfjöllun hafa í raun ekki

<sup>17</sup> Sjá *Rasmussen gegn Danmörku*, 28. nóvember 1984, Series A. 87, mgr. 34-40 og *Thlimmenos gegn Grikklandi*, 6. apríl 2000, Reports of Judgments Decisions 2000-IV, mgr. 44-46. Þessir tveir dómur eru skýr dæmi um greiningaraðferð MDE, en hún hefur verið staðfest í fjölda annarra dóma. Grunnurinn að greiningaraðferðinni var lagður í svokölluðu “Belgian linguistics” máli sem var fyrsta málið sem rekið var fyrir MDE á grundvelli 14. gr. MSE, sjá *Mál varðandi ákveðna þætti löggjafar um notkun tungumála í menntakerfi Belgíu gegn Belgíu*, 23. júlí 1968. Series A. 6.

<sup>18</sup> *Rasmussen gegn Danmörku*, 28. nóvember 1984, Series A. 87, mgr. 38.

<sup>19</sup> Van Dijk og Van Hoof: *Theory and Practice of the European Convention on Human Rights*, Haag, 3. útg. 1998, bls. 726.



getað lagt til nánari skýringar á meðalhófsviðmiðinu en hér hefur verið greint frá, en miklu ræður í því efni að það er mjög háð aðstæðum og atvikum hvers máls hvernig því er beitt. Þá er ljóst að þau matsvik sem ríkjum eru mörkuð í þessu sambandi ráða mestu um niðurstöðu í einstöku máli. Þau atriði sem einkum hafa áhrif á það hvernig matsvikin eru afmörkuð eru hvort greina megi sameiginlegar meginreglur og markmið í löggjöf Evrópuríkja eða öðrum þjóðréttarlegum skuldbindingum og það hversu langt dómur myndi ganga inn á svið efnahagslegrar og pólitískrar stefnumörkunar aðildarríkjanna sjálfra, hugsanlega með þeim afleiðingum að leggja á þau fjárhagslegar byrðar. Það eru þannig viðtekin viðhorf og gildismat og hvernig þau birtast í landsrétti og þjóðrétarskuldbindingum sem á endanum geta ráðið niðurstöðu í málum á grundvelli 14. gr. MSE.

Þegar ekki er við að styðjast skýrt mótað gildismat sem birtist í landsrétti Evrópuríkja og þjóðrétarskuldbindingum um það hvaða tilvik teljast “sambærileg” og kalla þannig á sambærilega meðferð, kann það að reynast erfitt fyrir þann sem telur á sér brotið að sýna fram á að hann sé í sambærilegri stöðu og sá sem hann ber sig saman við. Er þá málinu ráðið til lykta á þeim grundvelli og ekki talið brotið gegn 14. gr. MSE. Hér verður að taka til skoðunar ákvörðun Mannréttindanefndar Evrópu frá 1994 í máli gegn Hollandi um andstöðu við herþjónustu.<sup>20</sup> Í því máli var réttarstaðan sú að þeir sem gegndu eða voru að læra til prestþjónustu eða annars trúarlegs embættis (“ecclesiastical office or a religious-humanitarian office”) voru bæði undanþegnir herþjónustu og samfélagsþjónustu. Í málinu var um að ræða húnánista sem lagði stund á háskólanám í heimspeki með það fyrir augum að gerast húnánískur ráðgjafi (“humanistic counsellor”) og þjóna þannig öðrum. Viðkomandi stjórnvald synjaði um beiðni hans þess efnis að vera undanþeginn samfélagsþjónustu, en við endurskoðun ákvörðunarinnar hjá æðra stjórnvaldi var vísað til samfélagsþróunar og þess að húnánískir ráðgjafar innan hollenska hersins gegndu þar mjög sambærilegu hlutverki og prestar. Var því talið að veita ætti undanþáguna þótt ekki væri um eiginlegt trúarlegt embætti eða menntun að ræða. Á síðari stigum málsins varð þó hin endanlega niðurstæða þess fyrir hollenskum yfirvöldum að beiðni um undanþágu var hafnað. Mannréttindanefndin komst að þeirri niðurstöðu að málið væri ekki tækt til efnismeðferðar þar sem viðkomandi einstaklingur væri í almennu heimspekinámi og þótt hann hefði húnáníska lífsskoðun eða sannfæringu (“humanistic beliefs”) og vildi nýta þá þekkingu sem hann aflaði sér í náminu til að þjóna öðrum væri ekki unnt að bera þá stöðu saman við trúarleg embætti eða önnur viðurkennd sambærileg embætti sem ekki byggðust á trúarbrögðum.<sup>21</sup> Erfitt er að fullyrða um hvernig túlka beri þessa niðurstöðu. Hún virðist benda til þess að það kunni að reynast erfitt að sýna fram á að siðrænn húnánismi

<sup>20</sup> Mannréttindanefndin hefur nú verið lögð niður með viðauka nr. 11 við MSE og Mannréttindadómstóllinn tekið yfir hlutverk hennar að ákvarða um meðferðarhæfi mála. Það kann að draga úr fordæmisgildi ákvarðana Mannréttindanefndarinnar, en þó er erfitt að fullyrða um það.

<sup>21</sup> Ákvörðun Mannréttindanefndar Evrópu um meðferðarhæfi máls, frá 30. nóvember 1994 í málinu Peters gegn Hollandi (mál nr. 22793/93).

og iðkun hans með breytni og borgaralegum athöfnum sé sambærilegt tilvik við hefðbundin trúarbrögð og starfsemi “eiginlegra trúfélaga”. Við nánari skoðun ákvörðunarinnar má þó einnig greina að staða viðkomandi einstaklings var ekki einungis borin saman við þau trúarlegu embætti sem hollensk lög tiltóku sérstaklega heldur einnig embætti sem ekki byggðust á trúarbrögðum. Af því má ráða að það sé ekki greinarmunurinn á því hvort lífsskoðun hans var trúarleg eða ekki sem varð til þess að hann taldist ekki í sambærilegri stöðu og prestsefni og þess því ekki umkominn að krefjast sambærilegrar meðferðar á grundvelli jafnréttisreglu 14. gr. mannréttindasáttmálans. Það virðist frekar hafa verið samanburðurinn á því námi og tengda starfi eða embætti sem um var að ræða sem réði því hvort viðkomandi naut undanþágu frá samfélagsþjónustu. Af því má þá leiða þá almennu sýn að ekki megi mismuna lífsskoðunum eða sannfæringu eftir því eingöngu hvort þær eru trúarlegar eða ekki, eins og ákvæði 9. gr. stefnir einmitt að með því að vernda trú og sannfæringu með sama hætti. Er það einnig í samræmi við almenna áherslu Mannréttindadómstólsins á það að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli trúarbragða í jafnréttismálum fyrir honum.

Þess verður að geta að lokum að ofangreind sjónarmið eru í samspili við önnur sjónarmið sem Mannréttindadómstóllinn byggir á í framkvæmd um heimildir ríkja til að gera greinarmun á milli mála án þess að um brot á jafnréttisreglu sé að ræða. Þannig bendir dómaframkvæmd eins og áður segir til þess að strangt verði tekið á mismunandi meðferð á grundvelli aðgreiningar á milli trúarbragða og lífsskoðana en þar kann þó að hafa mildandi áhrif að almennt séð hefur ekki verið tekið mjög strangt á því þegar mismunandi meðferð á þeim grundvelli beinist að svigrúmi ríkja til að móta lagalega umgjörð um stöðu trúarbragða í ríkjum.<sup>22</sup> Þá mun að öllum líkindum hafa veruleg áhrif á mat dómstóla á máli Siðmenntar að það byggir að meginstefnu til á kröfugerð sem lýtur að jákvæðum skyldum ríkja. Meginskylda ríkja á grundvelli mannréttindaákvæða er sú neikvæða skylda að ríkjum beri að forðast að brjóta gegn mannréttindum með beinum athöfnum sínum. Í ákveðnum tilvikum geta þó einnig falist jákvæðar skyldur í mannréttindaákvæðum, þess efnis að ríkjum beri með virkum hætti að grípa til aðgerða, og eftir atvikum að stofna til fjárútláta, í því skyni að tryggja jafna og raunhæfa vernd mannréttinda. Hugmyndir um jákvæðar skyldur eru í þróun og Mannréttindadómstóllinn játar ríkjum mun ríkara svigrúm til eigin mats á aðgerðum sínum þegar krafa þess sem telur á sér brotið byggist á jákvæðri skyldu ríkis. Í slíkum málum felst ekki eins skýrt

---

<sup>22</sup> Í *Cha'are Shalom Ve Tsedek* gegn *Frakklandi*, 27. júní 2000, Reports of Judgments and Decisions 2000-VII, var tekið á um viðurkenningu á rétti til trúarlegrar slátrunar og sérstaklega vísað til svigrúms ríkis til eigin mats. Þó var við meðalhófsmatið sérstaklega byggt á því að viðkomandi strangtrúarmenn höfðu önnur úrræði til þess að nálagst kjöt sem uppfyllti kröfur þeirra en að standa sjálfir fyrir slátrun þess. Sjá einnig *Heilögu klausturdæmin* gegn *Grikklandi*, 9. desember 1994, Series A. 310-A, þar sem ríkiskirkja kvartaði undan neikvæðum afleiðingum áhrifa sambands ríkis og kirkju á sig með tilliti til eignaréttarins, en talið var heimilt að gera mun á stöðu ríkiskirkju og annarra (og þá hvort sem er með jákvæðum eða neikvæðum afleiðingum fyrir ríkiskirkjuna).

brot og ríkjum reynist auðveldara er að rökstyðja mismun með vísan til þess að hlutlægra og málefnalega ástæðna og meðalhófs hafi verið gætt.

### 3.2. Heimildir af vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Ákvæði 18. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálag réttindi eru að meginstefnu til efnislega sambærileg við 9. gr. MSE.<sup>23</sup> Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna má einnig finna fleiri þjóðréttarlegar heimildir sem gefa vísbendingar um það hvernig túlka beri réttinn til hugsana-, samvisku- og trúfrelsis.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur látið í té almenna umsögn um skýringar á ákvæðum 18. gr. samningsins. Er þar m.a. lögð sérstök áhersla á að hugsana- og samviskufrelsi sé verndað til jafns við trúfrelsi og að varast beri hverskonar mismunun á grundvelli þess hvort sannfæring eða lífsskoðun sé trúarlegs eðlis eða ekki. Tekið er fram að rétturinn til að *rækja* sannfæringu sína taki til víðs sviðs athafna. Þá er viðurkennt að ríkiskirkjur brjóti í sjálfu sér ekki gegn trúfrelsinu en lögð á það áhersla að það megi þó ekki leiða til mismununar gegn öðrum trúarbrögðum eða þeim sem aðhyllast ekki eiginleg trúarbrögð. Einnig er lögð á það áhersla að þótt stjórnarskrár ríkja fari með tiltekna hugmyndafræði (trú) sem hina opinberu hugmyndafræði, megi það ekki leiða til brota gegn hugsana-, samvisku- og trúfrelsi annarra né mismununar gagnvart þeim.<sup>24</sup> Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur einnig samþykkt yfirlýsingu um eyðingu á skorti á umburðarlyndi og mismunun á grundvelli trúar eða sannfæringar. Er þar lögð áhersla á svipaða þætti og í umsögn Mannréttindanefndarinnar um 18. gr. samningsins.<sup>25</sup>

Í mars 2005 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun um eyðingu skorts á trúarlegu umburðarlyndi (Elimination of all forms of religious intolerance). Er þar ítrekað áréttað að vernd nái jafnt til hugsana, samvisku, trúar og sannfæringar (lífsskoðunar). Jafnframt er þar lögð áhersla á mikilvægi þess að koma í veg fyrir mismunun og skort á umburðarlyndi á þeim grundvelli og að ríkjum beri að grípa til aðgerða í því skyni að tryggja réttarverndina. Eru ríki m.a. sérstaklega hvött til þess að tryggja að stjórnskipun þeirra og lög veiti virka vernd fyrir hugsana-, samvisku-, trúar- og sannfæringarfrelsi.<sup>26</sup>

<sup>23</sup> Lars Adam Rehof og Tyge Trier: *Menneskeret*, Kaupmannahöfn, 1990, bls. 270.

<sup>24</sup> General Comment no. 22(48) (art. 198), frá 27. september 1993. CCPR/C/21/Rev.1/Add.4.

<sup>25</sup> Declaration on the elimination of all forms of intolerance and of discrimination based on religion or belief, 25. nóvember 1981. A/RES/36/55.

<sup>26</sup> Resolution adopted by the General Assembly: Elimination of all forms of religious intolerance, 22. mars 2005. A/RES/59/199. Í titli ályktunarinnar einungist “trúfrelsi” nefnt en í sjálfum texta hennar er ávallt fjallað hugsana-, samvisku- og trúfrelsi. Almennt virðist sem að á síðustu misserum hafi áleitnustu vandamál tengt trúarbrögðum fremur en annarri sannfæringu. Hafa vandamál tengd mismunandi meðferð trúarbragða í tengslum við skráningu og viðurkenningu þeirra og áhrif hryðjuverka á trúfrelsi og umburðarlyndi fyrir trúarbrögðum annarra verið þar ofarlega á baugi. Sjá Report submitted by Asmha Jhanagir, Special Rapporteur on freedom of religion or belief, 20. desember 2004, E/CN.4/2005/61

#### 4. Samantekt og niðurstöður

Það er niðurstaða undirritaðrar að mál Siðmenntar heyri undir 9. og 14. gr. MSE. Heimfæra má viðurkennd sjónarmið um mikilvægi réttlátra lagaskilyrða fyrir skráningu trúfélaga og lífsskoðanafélaga í tengslum við bannið við mismunun yfir á kröfu Siðmenntar til skráningar. Einnig má heimfæra þá áherslu sem virðist lögð á það að mismuna ekki á milli trúarbragða og annarrar sannfæringar eða lífsskoðunar bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og MSE yfir á þá kröfu. Það er almennur samanburður á hlutverki og starfsemi Siðmenntar annars vegar og trúfélaga hins vegar sem á að ráða því hvort þau njóti sambærilegrar meðferðar. Það er niðurstaða undirritaðrar að í ljósi framangreinds séu Siðmennt og “eiginleg trúfélög” í sambærilegri aðstöðu og eigi því lagalega kröfu til þess að njóta sambærilegrar meðferðar. Að þessu gefnu myndi það hvíla á íslenska ríkinu að sýna fram á hvaða hlutlægu og málefnalegu ástæður liggja samt sem áður til grundvallar því að neita Siðmennt um opinbera skráningu sambærilega við skráningu trúfélaga og með tilheyrandi réttaráhrifum. Eins og áður var greint er það mat undirritaðrar að meginástæða synjunarinnar sem fram kemur í lögum nr. 108/1999 og bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 29. mars 2005 og varðar aðgreininguna á milli trúarbragða og annarra lífsskoðana geti ekki ein og sér réttlætt hina mismunandi meðferð.

Í 63. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um það að allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins, en að þó megi ekki kenna eða fremja neitt sem sé gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. Það er viðtekin túlkun íslensku stjórnarskrárinnar að réttarvernd annarra lífsskoðanafélaga en “eiginlegra trúfélaga” styðjist einungis við hið almenna ákvæði um félagafrelsi í 74. gr. Að sama skapi hefur um vernd annarra skoðana og/eða sannfæringar en trúarlegrar einungis verið vísað til ákvæðis 1. mgr. 73. gr. þess efnis að allir séu frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.<sup>27</sup> Ákvæði 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar um vernd skoðana og sannfæringar vísar samkvæmt skýringum í lögskýringargögnum einungis til hins svonefnda innra skoðanafrelsis (*forum internum*) sem felur í sér að menn verði ekki þvingaðir til að aðhyllast ákveðna skoðun eða sannfæringu með sjálfum sér, en að þegar komi til tjáningar þeirrar skoðunar taki tjáningarfrelsið við um réttarverndina, sbr. 2. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.<sup>28</sup> Samkvæmt brýnu ákvæði 63. gr. stjórnarskrárinnar og viðtekinni túlkun hennar er þá á Íslandi ekki veitt sérstök stjórnskipuleg réttarvernd fyrir réttinn til að rækja eða iðka aðra lífsskoðun eða sannfæringu en trúarlega. Slík vernd er þó veitt með skýrum hætti í 9. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 18. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálagleg réttindi og lögð þar áhersla á mikilvægi frelsis til að rækja jafnt trú og aðra lífsskoðun eða sannfæringu. Vernd íslensku stjórnarskrárinnar er samkvæmt því í raun lakari en vernd

<sup>27</sup> Frumvarp til laga um skráð trúfélög, þskj. 69, 69. mál, 125. löggjafarþing 1999-2000 með tilvísunum til heimilda og Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, þskj. 389, 297. mál, 118. löggjafarþing 1994.

<sup>28</sup> Frumvarp til laga um skráð trúfélög, þskj. 69, 69. mál, 125. löggjafarþing 1999-2000 með tilvísunum til heimilda og Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, þskj. 389, 297. mál, 118. löggjafarþing 1994.

mannréttindasáttmálanna og er beinlínis kveðið á um mismunandi meðferð trúarlegra lífsskoðana og annarra lífsskoðana í henni. Það er álit undirritaðrar að það vekji áleitnar spurningar um þörf á endurskoðun á 63. gr. stjórnarskrárinnar og hvort ekki sé rétt að svara kalli Sameinuðu þjóðanna um að ríki heims tryggi að stjórnskipun þeirra og lög veiti virka og jafna vernd hugsana-, samvisku-, trúar- og sannfæringarfrelsis.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur verið lögfestur í íslenskan rétt og gildir því samhliða stjórnarskránni að landsrétti. Einnig er rík tilhneyging dómstóla til að túlka íslensk lagaákvæði og stjórnarskrána til samræmis við Mannréttindasáttmálann. Því kann að vera að ef á reyndi fyrir íslenskum dómstólum myndi að einhverju leyti nást fram aukin réttarvernd annarra lífsskoðana en trúarlegra á grundvelli 65. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er þó hægt að fullyrða neitt um það.

Helsta úrræði Siðmenntar í tilefni af öllu framangreindu er að leita til dómstóla með málið. Náist ekki árangur fyrir íslenskum dómstólum væri unnt að vísa málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu. Úrlausnir hans eru bindandi. Einnig væri hægt að vísa málinu til athugunar af hálfu Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Niðurstöður hennar eru ekki lagalega bindandi með sama hætti og dómar Mannréttindadómstólsins. Þá væri í sjálfu sér mögulegt að kvarta yfir rökstuðningi og málshraða í afgreiðslu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Umboðsmanns Alþingis og setja jafnframt fram ábendingu um að meinbugir séu á lögum nr. 108/1999 um skráningu trúfélaga. Það heyrir í sjálfu sér ekki undir starfssvið umboðsmanns að meta löggjöf efnislega og tjá sig um það hvort þeir meinbugir séu á lögum að þau standist ekki stjórnarskrá eða mannréttindasáttmála. Hann getur þó, eftir ábendingu um það, tekið slíkt til athugunar að eigin frumkvæði, en gerir það aðeins þegar um er að ræða skýrt ósamræmi og leiða má slíka niðurstöðu af dómum. Slíkt á ekki við í máli Siðmenntar og telur undirrituð að athuguðu máli því ekki ráðlegt að leita til umboðsmanns með málið að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

---

Oddný Mjöll Arnardóttir, hdl., Ph.D.